

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hörgársveit.

Deiliskipulagsbreytingar vegna lagfæringar á skörun á skipulagsmörkum 1., 2. og 3. áfanga íbúðarbyggðar í Glæsibæ.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 29. október 2024 breytingu á deiliskipulagi 1., 2. og 3. áfanga íbúðarbyggðar í Glæsibæ.

Vegna skörunar á skipulagsmörkum 1., 2. og 3. áfanga íbúðarbyggðar í Glæsibæ, er nauðsynlegt að gera breytingar á skipulagsmörkum allra áfanganna. Stærðir skipulagsvæðanna breytast með þessum hætti:

Skipulagssvæði áfanga 1 verður eftir breytingu 11,0 ha en var áður 11,9 ha.

Skipulagssvæði áfanga 2 verður eftir breytingu 8,2 ha en var áður 8,4 ha.

Skipulagssvæði áfanga 3 verður eftir breytingu 6,4 ha en var áður 6,9 ha.

Fallið er frá áætlun um snjósöfnunarsvæði norðan við skipulagssvæði 3. áfanga og meðfram vesturhlið Hagaskógar á skipulagssvæði 2. áfanga enda sýnir reynsla síðustu ára að snjósöfnunarsvæði sem fyrir eru í aðliggjandi áföngum 1 og 2 duga vel fyrir alla áfangana.

Breyting skipulagsmarka hefur að öðru leyti engin áhrif á aðra þætti deiliskipulagins. Greinargerðir og uppdráttir skipulagssvæðanna gilda áfram óbreytt.

Breytingin telst óveruleg með tilliti til gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hörgársveitar, 9. janúar 2025,

Arnar Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.